

Nd.

831. Breytingartillögur

[290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 760 000 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 3 440 000 gkr. reiknast 30%, af þar næstu 2 070 000 gkr. reiknast 45%, en af tekjuskattsstofni yfir 8 270 000 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

2. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. nr. 20/1980, orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 456 000 gkr.

Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:

1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.

2. Sjúkratryggingargjaldi manns.

3. Eignarskatti manns.

4. Útsvari manns.

5. Kirkjugarðsgjaldi manns.

6. Sóknargjaldi manns.

7. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—6. lið og lögð eru á maka manns. Í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, allt að 152 000 gkr. (1 520 nýkr.). Ekki skal þó greiða persónuafslátt til manna, sem eru 25 ára eða yngri á tekjuárinu, né til þeirra manna, þar sem samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. eru meiri en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem ekki er ráðstafað skv. 2. eða 3. mgr., fellur niður.